



## Spáum 1,8% ársverðbólgu í nóvember

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs þriðjudaginn 28. nóvember.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% lækkun vísitölu milli mánaða.

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 1,9% í 1,8%.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,47% milli mánaða í október. Það var meiri hækkun en við bjuggumst við, en við spáðum 0,2% hækkun. Munurinn skýrist aðallega af því að matur og drykkjarvara hækkuðu töluvert meiri en við bjuggumst við.


### Helstu áhrifaþættir milli mánaða

- Hækkunartaktur **reiknaðrar húsaleigu** er að gefa eftir. Til að mynda lækkaði þessi liður um 0,22% milli mánaða í október og var það í fyrsta sinn síðan í júní 2015 sem kostnaður við að búa í eigin húsnæði lækkaði milli mánaða. Út frá könnun okkar á verðsjá fasteigna gerum við ráð fyrir að reiknuð húsaleiga muni hins vegar hækka um 0,2% milli mánaða nú.
- Hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu skilar sér í 2% hækkun á **bensíni og díselolíu**.
- Við gerum ráð fyrir að áframhald verði á lækkun á **pósti og síma**, aðallega vegna farsíma- og internetþjónustu.
- Matur og drykkjavara** lækkar alla jafna milli mánaða í nóvember. Við gerum ráð fyrir nokkuð minni lækkun en seinustu ár.
- Sveiflukenndasti liðurinn í vísitölu neysluverðs, **flugfargjöld til útlanda**, lækkar alla jafna milli mánaða í nóvember, en hækkar aftur í desember.

Spá okkar um breytingu milli mánaða í nóvember er óbreytt síðan í október.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyt.	Áhrif
Reiknuð húsaleiga	20,3%	0,20%	0,04%
Bensín	1,8%	2,00%	0,04%
Kaup ökutækja	7,0%	0,32%	0,02%
Ferðir og flutningar - annað	4,4%	0,38%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,8%	0,10%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,31%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,05%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,00%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	-0,03%	0,00%
Föt og skór	3,6%	-0,16%	-0,01%
Tómst. og menning	9,8%	-0,10%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,50%	-0,02%
Póstur og sími	2,2%	-1,19%	-0,03%
Matur og drykkjarv.	13,3%	-0,45%	-0,06%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-13,92%	-0,15%
	100,0%		-0,13%

Mánaðarbreyting VNV í nóvember



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



## Gerum ráð fyrir 1,7% ársverðbólgu í febrúar

- **Desember: +0,3%**  
Árstíðabundin hækkun á flugfargjöldum til útlanda.
- **Janúar 2018: -0,4%**  
Janúarútsölur á annars vegar fötum og skóm og hins vegar á húsgögnum og heimilisbúnaði.
- **Febrúar: +0,3%**  
Janúarútsölnar á fötum og skóm teygðu sig inn í febrúar á þessu ári og við gerum ráð fyrir að sama verði uppi á teningnum í febrúar næstkomandi.

Við gerum mjög litla breytingu á spá okkar fyrir næstu mánuði frá því í október. Hærrí spá um ársverðbólga næstu mánuði skýrist eingöngu af því að vísitalan hækkaði meira milli mánaða í október en við bjuggumst við.



Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 1,7% í febrúar 2018.

## Verðbólguhorfur áfram góðar en óvissa eykst

Síðustu ár hafa tveir gagnstæðir kraftar tekist á í verðbólguþróuninni; gengi krónu og húsnæðisverð. Styrking krónunnar, lítil verðbólga í viðskiptalöndunum og aukin samkeppni samhliða komu erlendra smásöluþyrirtækja inn á markaðinn hafa unnið á móti miklum verðhækkunum á húsnæði.

Nýbirt [spá okkar fyrir 2017-2020](#) gerir ráð fyrir að neikvætt framlag innfluttra vara til neysluserðsvisitölunnar muni gefa nokkuð hratt eftir og hverfa strax á næsta ári. Framlag húsnæðis til tólf mánaða verðbólgu mun lækka og við gerum ráð fyrir að það verði á bilinu 1%-2% næstu ár í stað 3%-4% eins og í ár. Einnig reiknum við með því að næstu ár muni aðrir innlendir liðir hafa meiri áhrif til hækkunar.

Samandregið þýðir þetta að við væntum þess að verðbólga hækki aðeins á næstu misserum. Við gerum ráð fyrir að verðbólgan nái hámarki í 3,1% á fyrsta ársfjórðungi 2020, en leiti aftur í átt að verðbólgu markmiðinu í lok spátímans, þ.e. lok árs 2020.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.